

1. Fundur

Haldinn að Hótel Borg, þriðjudaginn 7. Júlí 1964, kl. 3 e.h.

Fundinn sátu Lúðvíg Hjálmtýsson, Albert Guðmundsson, Birgir Þorgilsson, Sigurður Magnússon, Ágúst Hafberg, Geir H. Zoëga, Sigurlaugur Þorkelsson, Pétur Daníelsson, Lárus Ottesen og Haukur Einarsson.

I. Lúðvíg Hjálmtýsson formaður Ferðamálaráðsins setti fundinn og stjórnaði honum.

II. Sigurlaugur Þorkelsson var kostinn fundarritari. Samþykkt var að framvegis skipti aðilar ráðsins með sér að rita fundargerðir og skulu þær fjölritaðar og eintak sent hverjum aðila.

III. Í tilefni af fyrirspurn um það hvort varaformaður Ferðamálaráðs eigi að sitja fundi ráðsins upplýsti formaður að svo væri til ætlast, en aðeins með atkvæðisrétt á þeim fundum sem formaður sæti ekki.

IV. Formaður las upp erindi Skógræktar ríkisins dags. 18. júní s.l. til Samgöngumálaráðuneytisins, þar sem skógræktin fer fram á leyfi ráðuneytisins til þess að mega selja aðgang að Þórsörk um næstu Verslunarmannahelgi. Leitaði ráðuneytið umsagnar Ferðamálaráðs. Samþykkt var að mæla gegn því að umbeðið leyfi verði veitt á þeirri forsendu að slíkt kynni að skapa varhugavert fordæmi.

V. Ræddar voru beiðnir frá Ferðaskrifstofu Austurlands h.f. um lán að upphæð kr. 350 þús. til byggingarframkvæmda á húsi hlutafélagsins að Hlöðum við Lagarfjóttsbrú í Fellahreppi, N-Múlasýslu og ennfremur lánbeiðni Þorgeirs Péturssonar vegna veitingaskála við Hvítárbrú að upphæð kr. 700 þús. Samþykkt var að fela formanni ráðsins að afla nánari upplýsinga um byggingarmál Þorgeirs Péturssonar og Birgi Þorgilssyni um mál Ferðafélags Austurlands h.f. Jafnframt voru nokkrar umræður um það hver nauðsyn er á því að gera fastan grundvöll til þess að starfa á fyrir Ferðamálaráð við tillögugerðir sínar um lánveitingar.

VI. Formaður leitaði álits ráðsins á því hvort auglýsingar hópferða á sérleyfisleiðum gætu talist skerðing á sérleyfisrétti. Ríkti það álit á fundinum að slíkt bryti ekki í bága við sérleyfislögin og væru því slíkar auglýsingar og ferðir leyfilegar.

VII. Samþykkt var að leita upplýsinga um það fyrir næsta fund hvað gistirúm væru mörg á öllu landinu.

VIII. Samþykkt var að fela formanni að athuga eftir hvaða reglum Ferðamálaráð skuli í framtíðinni vinna að tillögugerðum sínum um lánveitingar.

IX. Samþykkt að taka fyrir á næsta fundi tillögu þess efnis að Ferðamálaráð mæli með því að felldur verði niður skattur sá sem gert er að greiða við aðgang að veitingahúsum. Ennfremur var samþykkt tillaga Birgis Þorgilssonar um að taka til umræðu á næsta fundi hvort ekki væri rétt að Ferðamálaráð mæli með því að sérstakt ferðamannagengi verið innleitt.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið.